




Íþróttamiðstöðin Borg



Vetraropnun; 19. ágúst—26. maí

Mánudaga - Fimmtudaga	kl. 14-22
Föstudaga	Lokað
Laugardaga – Sunnudaga	kl. 11-18

Sumaropnun; 27. maí—20. ágúst

Mánudaga - Föstudaga	kl. 10-22
Laugardaga – Sunnudaga	kl. 10-19

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



HVATARBLAÐIÐ



Borg í sveit :)

- Alvöru sveitadagur í Grímsnes- og Grafningshreppi

Taktu daginn frá

Laugardaginn 27. maí verður viðburðurinn

Borg í sveit - alvöru sveitadagur

í Grímsnes- og Grafningshreppi haldinn í þriðja skipti.
Þann dag munu fyrirtæki, bændur og einstaklingar í
sveitarfélaginu taka höndum saman, hafa opið hjá sér
og bjóða gesti og gangandi velkomna í heimsókn.

Dagskrá verður auglýst síðar.

Kveðja, íbúar og fyrirtæki í
Grímsnes- og Grafningshreppi



FUNDARGERÐ.

408. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 5. apríl 2017 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Ungmennaráð.

Á fundinn kom Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps, Krístrún Urður Harðardóttir, Kristberg Ævar Jóseppson, Sveinn Bergsson, Jón Marteinn Ásgrímsson og Aron Þormar Lárusson, ásamt starfsmanni ráðsins, Gerði Dýrfjörð. Farið var yfir tillögur ráðsins varðandi ljósleiðaramál, almenningssamgöngur, tómstundastyrk og uppbyggingu leik- og útivistarsvæðis á Borg. Sveitarstjórn þakkar Ungmennaráði fyrir mikinn áhuga á mál-efnum samfélagsins. Oddvita falið að gera minnisblað og boða til fundar með Ungmennaráði.

2. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 15. mars 2017.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 15. mars 2017 liggur frammi á fundinum.



Opnar að nýju eftir breytingar

12. maí 2017

Opið;

**mánud. til laugard. 09:00 til 21:00
sunnudaga 10:00 -20:00**

Verið velkomin

Tek að mér trjáskurlun á greinum og stofnum allt að 20 cm sverum. Einnig má setja smærri greinarnar með afleggjurum og laufi.

Jóhannes
S. 848-1123



Fundarboð

Skólaráð Kerhólsskóla boðar til opins fundar í
Félagsheimilinu Borg 9. maí kl. 18.00

Dagskrá:

1. Helstu áherslur Kerhólsskóla næsta skólaár 2017-2018 í báðum deildum.
2. Fyrirkomulag næsta skólaár
 - Breyting á lengd skóladags í grunnskóladeild
 - Frístundaklúbbur fyrir 1.- 4.bekk
 - Val í unglingadeild
3. Námsmat

Fyrir hönd skólaráðs

Jóna Björg Jónsdóttir, Skólastjóri Kerhólsskóla

3. Fundargerðir.

a) Fundargerð 13. fundar samgöngunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 29. mars 2017.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 13. fundargerð samgöngunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 29. mars 2017. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Úthlutun vegstyrkja til frístundabyggða.

Samkvæmt reglum sveitarfélagsins um vegbætur í frístundabyggð voru teknar fyrir umsóknir félaga frístundabyggða og sumarhúsaeygenda þar sem óskað er eftir styrk til vegabóta. Höfð var hliðsjón af úthlutun síðustu ára, aldur svæðanna og fjölda lóða og húsa á svæðunum. 18 umsóknir bárust og sveitarstjórn samþykkir samhljóða að eftirtaldir aðilar fái styrki til vegabóta árið 2017, samtals að fjárhæð kr. 1.800.000.

Félag frístundahúsaloðaeigenda Hæðarbrúna í Grímsnesi	25.000 kr.
Félag sumarhúsaeygenda í Kerhrauni E-svæði	25.000 kr.
Þrastaungarnir	50.000 kr.
Félag Lóðareigenda í landi Minna Mosfells (FLUMM)	50.000 kr.
Félag sumarhúsaeygenda við Kjarrmóa	50.000 kr.
Vaðlækur-félag sumarhúsaeygenda við Vaðlækjarveg	50.000 kr.
Félag sumarhúsaeygenda í Kerengi	100.000 kr.
Félag sumarhúsaeygenda við 5. Braut	100.000 kr.
Félag landeigenda við Mosabraut og Hrauntröð í Vaðnesi	100.000 kr.
Félag sumarhúsaeygenda við Rimamóa	100.000 kr.
Félag sumarhúsaeygenda Þóródsstöðum við Stangarlæk	100.000 kr.
Félag sumarhúsaeygenda í Öldubbyggð	100.000 kr.
Bakkabyggð	150.000 kr.
Klausturhóll félag sumarhúsaeygenda	150.000 kr.
Kerhraun, félag sumarhúsaeygenda	150.000 kr.
Hólaborgir, sumarhúsaeygenda Hallkelshólum	150.000 kr.
Öndverðanes ehf.	150.000 kr.
Félag sumarhúsaeygenda v/Ásskóga	200.000 kr.

- b) Fundargerð 21. fundar æskulýðs- og menningarmála-
nefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 15. febrúar 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- c) Fundargerð 130. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita,
23. mars 2017.

**Mál nr. 6, 7, 8, 23 og 24 þarfnast staðfestingar
sveitarstjórnar.**

*Lögð fram 130. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita,
dags. 23. mars 2017. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast
afgreiðslu sveitarstjórnar;*

**Mál nr. 6: 1701014 - Kiðjaberg 96 lnr. 198263: Færsla á
byggingarreit: Fyrirspurn.**

*Fyrir liggur að lokinni grenndarkynningu tillaga að breytingu
sem nær til lóðar nr. 96 í Kiðjabergi. Tillagan var kynnt með
bréfi, dags. 13. febrúar 2017 með athugasemdafresti til
14. mars 2017. Tvær athugasemdir bárust. Að auki liggja fyrir
viðbrögð umsækjenda við atriðum sem fram koma í athuga-
semdunum. Sveitarstjórn hafnar breytingu á deiliskipulagi
lóðarinnar með vísun í innkomnar athugasemdir.*

**Mál nr. 7: 1703041 - Minna-Mosfell: Kvennagönguhólar:
Hús til útleigu: Fyrirspurn.**

*Lögð fram fyrirspurn Fannborgar fasteignafélags, dags.
9. mars 2017 um hvort að heimilt verði að breyta núgildandi
deiliskipulagi frístundabyggðar úr landi Minna-Mosfells sem
kallast Kvennagönguhólar í svæði fyrir verslun- og þjónustu og
byggja allt að 30 heilsárshús til útleigu. Gert er ráð fyrir að
húsin verði á bilinu 50-70 fm. Sveitarstjórn gerir ekki athuga-
semdir við að svæðinu verði breytt í svæði fyrir verslun- og
þjónustu með fyrirvara um samþykki allra lóðarhafa innan
svæðisins. Gera þarf breytingu á aðal- og deiliskipulagi
svæðisins.*

**Mál nr. 8: 1703045 - Eyvík lnr 168240 og Eyvík II lnr
168241: Eyvík 1: Stofnun lóðar.**

*Fyrir liggur umsókn eigenda Eyvíkur (lnr. 168240) og Eyvíkur
II (lnr. 168241) um stofnun 1.570 m² lóðar úr óskiptu landi
jarðanna. Á lóðinni er íbúðarhús með fastanr. 220-6772 og*



ÁRTANGI



Sumarblómasala

hefst 27. maí

Til sölu

krydd í pottum.

Opið er alla virka daga frá 10-16

eða eftir samkomulagi.

Sími 669-0108.



Saumaðkompan Kringlu Grímsnesi

Fataviðgerðir, gardínusaumur
og ýmiskonar einfaldur
saumaskapur

Elsa Jónsdóttir

Sími 486 4515

**Tökum að okkur stór og smá verk:
tætingu, jarðvinnu, snjómokstur,
bílaflutninga & fólksflutninga,
6-11 farþega.**



Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Öll almenn lögfræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506

siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson lögfr. S: 662-4422

sverrir@landlogmenn.is

Land
LÖGMENN

Austurvegi 6, 800 Selfossi

mhl. 04 0101. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinnar og ekki eru gerðar athugasemdir við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 23: 1702041 - Útleiga á íbúðar- og sumarhúsum: Starfsreglur.

Lögð fram tillaga að starfsreglum varðandi veitingu umsagna um rekstrarleyfi fyrir gistingu í sumar- og íbúðarhúsum á starfssvæði embættisins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tillögu.

Mál nr. 24: 1703002F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 17-50.
Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. mars 2017.

d) Fundargerð 20. fundar Skólabjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, 15. mars 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð 13. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu, 14. mars 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð aukaaðalfundar byggðarsamlagsins Bergrisans bs., 21. mars 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 29. stjórnarfundar Samtaka orkusveitarfélaga, 10. mars 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Kauptilboð í Borgarbraut 2.

Fyrir liggur kauptilboð, dagsett 15. mars 2017 í Borgarbraut 2 að fjárhæð kr. 16,1 milljón. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tilboð og felur sveitarstjóra að undirrita kaupsamninginn. Gunnar Þorgeirsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

5. Tölvupóstur frá Hjálparseitinum Tintron þar sem sveitarstjórn er boðið í opið hús sveitarinnar vegna 30 ára afmælis.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Steinari Hermannssyni f.h. Hjálpar-sveitarinnar Tintrons , dags. 31. mars 2017 þar sem sveitarstjórn er boðið í opið hús hjá sveitinni í tilefni af 30 ára afmæli sveitarinnar. Sveitarstjórn þakkar gott boð.

6. Erindi frá Magnúsi I. Jónssyni vegna frágangs á eldra námusvæði við Stangarlæk.

Fyrir liggur bréf frá Magnúsi I. Jónssyni, dagsett 31. mars 2017 vegna frágangs á eldra námusvæði við Stangarlæk. Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdarleyfi fyrir námuna.

7. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II við Kónsveg 3a, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 22. mars 2017 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Kónsvegi 3a, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir athugasemdir við að leyfið verði veitt þar sem lóðin er skipulögð sem frístundabyggð en ekki viðskipta- og þjónustulóð.

8. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Hörðuvallabraut 16, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 23. mars 2017 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Hörðuvallabraut 16, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir athugasemdir við að leyfið verði veitt þar sem lóðin er skipulögð sem frístundabyggð en ekki viðskipta- og þjónustulóð.

9. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Skyggnisbraut 2b, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 10. febrúar 2017 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Skyggnisbraut 2b, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir athugasemdir við að leyfið verði veitt þar sem lóðin er skipulögð sem frístundabyggð en ekki viðskipta- og þjónustulóð.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita auglýsir eftirfarandi starf laust til umsóknar:

Móttökuritari með aðstöðu á Laugarvatni

Starfssvið:

- Símsvörun.
- Skráning og meðhöndlun skjala.
- Svörun fyrirspurna sem berast embættinu, bæði í gegnum síma og tölvupóst.
- Önnur almenn skrifstofustörf.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð almenn tölvukunnátta skilyrði.
- Reynsla af skrifstofuvinnu með áherslu á skjalavinnslu er kostur.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og vilji til að kynna sér nýjungar og takast á við fjölbreytt verkefni.
- Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita hefur það hlutverk að annast lögbundin verkefni skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa fyrir aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins auk þess að vinna að tækni- og framkvæmdamálum. Byggðasamlagið er með starfsstöðvar á Laugarvatni í Bláskógabyggð og á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi og þjónar sveitarfélögunum Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi. Umsóknir skulu berast embættinu að Dalbraut 12, 840 Laugarvatni, fyrir 12. maí n.k. Nánari upplýsingar um starf móttökuritara veitir Pétur Ingi Haraldsson skipulagsfulltrúi (petur@utu.is) í síma 480 5550 milli kl. 9 og 12 alla virka daga.



Þann 6. maí mun hljómsveitin **Illmennafélagið** halda tónleika á Borg í Grímsnesi. Þeir munu hefjast kl. 20:30.

Fyrir ykkur sem ekki þekkið til Illmennafélagsins þá spilar hljómsveitin þjóðlagaskotið rokk með blús ívafi og jafnvel sveitatónlist þegar vel liggur á þeim. Lögin eru frumsamin en eitt og eitt tókulag sem hljómsveitin gerir að sínu.

Leikfélagið Borg ætlar að vera Illmennum innanhandar á þessum tónleikum og verður með barinn opinn í fjáröflunarskyni. Einnig ætlar leikfélagið að nýta sviðið þegar Illmennin taka sér pásu og skemmta gestum á meðan. Þegar Illmennin verða þreytt setjum við diskóið í gang og dönsum þar til húsvörðurinn hendir öllum út ☺ Illmennin ætla að bjóða ykkur á tónleikana þannig að nú er um að gera að taka fram dansskóna, mæta og skemmta sér saman.

"Betra er blautur á balli en þurr heima"

Illmennafélagið/Leikfélagið Borg

Verðum með kálplöntur og kryddjurtir til sölu í heimagarða frá og með 20. maí, einnig áburð og akril í metrávís.

Opið um helgar 10 – 16.
Miðri viku 13 -16.
Sími 862-2374 og 486-1070
SR grænmeti Smiðjustíg 10 Flúðum

10. Bréf frá Orkustofnun þar sem óskað er eftir upplýsingum um mögulega virkjanakosti sem eru minni en 10MW í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Orkustofnun, dagsett 16. mars 2017 þar sem óskað er eftir upplýsingum um mögulega virkjanakosti sem eru minni en 10MW í Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa eftir áhugasömum aðilum á heimasíðu sveitarfélagsins og í Hvatarblaðinu.

11. Bréf frá Orkustofnun þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins við umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita á Nesjavöllum.

Á fundi sveitarstjórnar þann 15. mars s.l. var sveitarstjóra og oddvita falið að afla frekari gagna. Sent var erindi á Orkustofnun þess efnis að skila umsögn eftir fund sveitarstjórnar sem haldinn er í dag 5. apríl. Sveitarstjórn gerir athugasemdir við að eftirlit með orkunýtingu á svæðinu sé ekki í fastari skorðum. Samkvæmt erindinu er verið að sækja um leyfi til nýtingar á jarðhita á svæðinu sem hefur verið í notkun frá 1990. Ekki verður séð að um endurnýjun á leyfi sé að ræða. Sveitarstjórn leggst gegn því að leyfið verði veitt, meðal annars þar sem fram til dagsins í dag hefur verið sleppt út jarðhitavatni á vatnasvæði Þingvallavatns meira og minna allan vinnslutíma virkjunarinnar og ekki fyrirsjáanlegt að breyting verði á. Sveitarstjórn hvetur til þess að Orka Náttúrunnar leggi fram raunhæfar tillögur að förgun á heitu vatni öðruvísi en að sleppa því út í náttúruna á þessu viðkvæma svæði.

12. Bréf frá Sveitarfélaginu Árborg ásamt samningi við KPMG vegna viðræðna um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga.

Fyrir liggur bréf frá Sveitarfélaginu Árborg, dagsett 23. mars 2017 ásamt samningi við KPMG vegna viðræðna um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga. Samningurinn lagður fram til kynningar.

13. Staða úrgangsmála á Suðurlandi, áfangaskýrsla í mars 2017.

Fyrir liggur skýrsla Environice við greiningu á stöðu úrgangsmála á Suðurlandi. Skýrslan er gerð að beiðni stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands. Skýrslan lögð fram til kynningar.

14. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um umferðarlög (bílastæðalög), 307. mál.

Frumvarpið lagt fram.

15. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um útlendinga (frestun réttaráhrifa o.fl.), 236. mál.

Frumvarpið lagt fram.

16. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um tekjustofna sveitarfélaga (sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði), 306. mál.

Fyrir liggur beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 28. mars 2017 um umsögn um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði), 306. mál. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps mótmælir harðlega fyrirliggjandi frumvarpi sem felur í sér grundvallarbreytingu á starfsemi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Boðuð breyting felur ekki í sér jöfnun á tekjum sveitarfélaga og með engu móti er tekið tillit til þess hvort sveitarfélög þurfi að fullnýta tekjustofna. Þá felur frumvarpið í sér fordæmalausar skerðingar á tekjustofnum sveitarfélaga með afturvirkjum hætti. Slíkt orkar tvímælis í ljósi 78. gr. stjórnarskrár þar sem kveðið er á um að tekjustofnar sveitarfélaga skuli ákveðnir með lögum en brýtur einnig blað varðandi samskipti ríkis og sveitarfélaga. Sveitarfélög geta þá ekki byggt á gildandi lögum varðandi áætlanir um tekjur þeirra.

17. Beiðni Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars), 120. mál.

Fyrir liggur beiðni Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 14. mars, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars). Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps mótmælir harðlega hugmyndum um afnám lágmarksútsvars. Að auki bendir sveitarstjórn á að ótækt sé að taka slíka ákvörðun án heildarendurskoðunar á Jöfnunarsjóðsframlögum sem tæki mið af slíku fyrirkomulagi útsvars

Ekki missa af þessu!

Við ætlum að halda styrktartónleika
laugardaginn 20. maí kl. 16:00.

Tónleikarnir eru haldnir til styrktar hjúkrunardeildunum

Fossheimum og Ljósheimum á Selfossi.

Á efnisskránni er að finna „bestu“ lögin okkar
úr 50 ára sögu Árnesingakórsins í Reykjavík.
Popp, gömul og ný dægurlög, íslensk, erlend...

Komdu og fagnaðu með okkur!

Kórstjórinn er enginn annar en Gunnar Ben.

Meðleikari verður Bjarni Þ. Jónatansson.

Pantaðu miða núna á kor@kor.is

Hlökkum til að sjá þig

ÁR kórinn

Tónleikarnir eru haldnir í
Félagsheimilinu að Borg

Miðaverð: 3.000 kr.—Börn 4–12 ára: 500 kr.

Fritt fyrir börn yngri en 4 ára.



Ekki missa af þessu!

Við höldum upp á afmæli okkar
miðvikudaginn 17. maí kl. 20:00.

Á efnisskránni er að finna „bestu“ lög okkar
úr 50 ára sögu Árneshólmakórsins í Reykjavík.
Popp, gömul og ný dægurlög, íslensk, erlend...
Komdu og fagnaðu með okkur!

Kórstjórnin er enginn annar en Gunnar Ben
og með kórnum syngur Valgerður Guðnadóttir sópran.
Meðleikari verður Bjarni Þ. Jónatansson.

Pantaðu miða núna á kor@kor.is

Hlökkum til að sjá þig

ÁR kórinn

Tónleikarnir eru haldnir í Langholtskirkju.

Forsöluverð: 3.000 kr.—Við innganginn: 3.500 kr.
Börn 4 - 12 ára: 500 kr.—Frítt fyrir börn yngri en 4 ára.



18. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um Umhverfisstofnun (heildarlög), 204. mál.

Frumvarpið lagt fram.

19. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði samgangna (innleiðing alþjóðlegra skuldbindinga, EES-reglur), 234. mál.

Frumvarpið lagt fram.

Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands.
Fundargerð 254. stjórnarfundar 22.03 2017.
- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands.
Fundargerð 178. stjórnarfundar 17.03 2017.
- ✓ SASS. Fundargerð 517. stjórnarfundar 03.03 2017.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 848. stjórnarfundar, 24.03 2017.
- ✓ Fundargerð stjórnar Listasafns Árneseinga, 28. febrúar 2017.
- ✓ Fundargerð 180. fundar fagraðs Tónlistarskóla Árneseinga, 14. mars 2017.
- ✓ Fundargerð 181. fundar fagraðs Tónlistarskóla Árneseinga, 21. mars 2017.
- ✓ Skógræktarfélag Grímsneseinga, ársreikningur og ársskýrsla 2015.
- ✓ Lánasjóður sveitarfélaga, ársreikningur 2016.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:20

FUNDARGERÐ.

409. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 19. apríl 2017 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

Oddviti leitar afbrigða

- a) Fundargerð 61. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 18. apríl 2017.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

1. Ársreikningur Grímsnes- og Grafningshrepps.

Ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2016 lagður fram til fyrri umræðu. Á fundinn mætti Ólafur Gestsson, endurskoðandi Pwc og fór yfir reikninginn. Ársreikningi vísað til annarrar umræðu.

2. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 5. apríl 2017.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 5. apríl 2017 liggur frammi á fundinum.



AFMÆLIS- OG STYRKTARTÓNLEIKAR

Í tilefni af 50 ára afmæli Árnesingakórsins í Reykjavík verða haldnir afmælistónleikar í Langholtskirkju miðvikudaginn 17. maí kl 20:00. Stjórnandi kórsins er sem áður Gunnar Ben og meðleikari verður Bjarni Þ. Jónatansson. Gestur okkar verður Valgerður Guðnadóttir sópran. Á efnisskrá tónleikanna er að finna valdar perlur frá 50 ára söngferli kórsins. Hægt verður að tryggja sér miða á kor@kor.is

Einnig verða haldnir tónleikar til styrktar nýrrar byggingar hjúkrunarheimilis á Selfossi. Tónleikarnir verða haldnir að Borg í Grímsnesi 20. maí n.k. klukkan 16:00. Stjórnandi er Gunnar Ben og meðleikari er Bjarni Þ. Jónatansson. Allur ágóði mun renna til hjúkrunardeildanna Fossheima og Ljósheima á Selfossi.

Um hádegisbil laugardaginn 20. maí mun kórinn syngja fyrir íbúa á hjúkrunarheimilinu Fossheimum / Ljósheimum á Selfossi.

Til gamans má geta þess að kórinn söng fyrst opinberlega á Jónsmessumóti Árnesingafélagsins í Reykjavík í júní 1966 sem haldið var að Borg í Grímsnesi undir stjórn Jónasar Ingimundarsonar. Í framhaldi af því var Árnesingakórinn í Reykjavík stofnaður 14. febrúar 1967 og hefur starfað óslitið síðan.

Kórinn hefur ferðast víða í árunna rás, meðal annars til allra Norðurlandanna og ýmissa annarra Evrópulanda. Auk þess hefur hann haldið fjölda tónleika víða um land og tekið þátt í kórastefnum. Fyrsti stjórnandi kórsins var Þuríður Pálsdóttir. Stjórnandi kórsins frá 1988 til vors 2001 var Sigurður Bragason barítónsöngvari og tónskáld. Haustið 2001 tók Gunnar Ben við stjórn kórsins. Undir stjórn hans hefur kórinn leyst af hendi ýmis krefjandi verkefni. Má þar nefna þátttöku í Choir Olympics, einni stærstu kórakeppni heims, í Bremen árið 2004 þar sem hann fékk silfurviðurkenningu í sínum flokki. Kórinn er eini íslenski kórinn sem hefur tekið þátt í þessari kórakeppni.

Kórinn hefur gefið út fjóra hljómdiska og tvær hljómplötur. Í vetur gaf kórinn út hljómdiskinn "Landróver" til að minnast 50 ára afmælisins um leið og kynnt var nýtt sviðsnafn, **ÁR kórinn**.

Fjarnám á háskólastigi – þarfir Sunnlendinga

Kynning á niðurstöðum rannsóknar

Boðið er til opins fundar á **Hótel Selfossi**
fimmtudaginn 11. maí nk. kl. 14:15-16:30.

Þar mun Félagsvísindastofnun HÍ kynna
niðurstöður rannsóknar sem unnin var í vetur
í samvinnu Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
(SASS), Háskóla Íslands og Háskólafélags Suðurlands. Greindur var áhugi, þörf og eftirspurn eftir
fjarnámi á háskólastigi á Suðurlandi meðal
almennings og atvinnulífs.

Allir velkomnir – látum okkur málið varða



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS



HÁSKÓLAFÉLAG
SUÐURLANDS

3. Fundargerðir.

- a) **Fundargerð 10. fundar húsnefndar Félagsheimilisins Borgar, 10. apríl 2017.**

Mál nr. 4a þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 10. fundargerð húsnefndar Félagsheimilisins Borgar, 10. apríl 2017.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 4a: Önnur mál – gjaldskrá hússins.

Á fundi húsnefndar var rætt um leigu á félagsheimilinu til minni viðburða svo sem beinar útsendingar á íþróttaviðburðum, tónleikum og fleiru. Gjaldskrá hússins hljóðar upp á 5.000 kr. fyrir tímann og lágmarks leiga er 5 klst., samtals því 25.000 kr. húsaleiga fyrir svona viðburð. Húsnefndin beinir því til sveitarstjórnar að endurskoða gjaldskrána. Sveitarstjórn hafnar því að breyta gjaldskránni þar sem núverandi verð standi einungis undir þeim kostnaði sem til fellur við að leigja út húsið. Gjaldskráin stendur því óbreytt.

- b) **Fundargerð 131. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 6. apríl 2017.**

Mál nr. 14, 15, 16, 17, 18 og 27 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 131. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 6. apríl 2017. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 14: 1703096 - Villingavatn lnr. 170947: Stækkun lóðar og afmörkun: Fyrirspurn.

Lögð fram fyrirspurn eigenda frístundahúsalóðarinnar Villingavatn lnr. 170947, dags. 26. mars 2017 um mögulega stækkun lóðarinnar um u.þ.b. 3.500 m². Sveitarstjórn hafnar stækkun lóðarinnar miðað við fyrirliggjandi gögn þar sem lóðin virðist fara yfir aðkomuveg að a.m.k. einni annarri lóð.

Mál nr. 15: 1703095 - Villingavatn lnr. 170954 (Einbúi 25): Endurnýjun bygginga á lóð: Fyrirspurn.

Lögð fram fyrirspurn Páls Enos, dags. 24. mars 2017 eiganda 2.432 m² frístundahúsalóðar úr landi Villingavatns (lnr. 1709-1709954) um heimild til að byggja 86 m² frístundahús þar sem núverandi 37,4 m² hús stendur. Í staðinn er gert ráð fyrir að fjarlægja tvö bátaskýli sem samtals eru 59 m² og vera þar með 10 m² geymslu. Byggingarmagn lóðarinnar eykst því ekki nema um 4 m². Núverandi hús er innan við 20 m frá Þingvallavatni. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að byggt verði nýtt 86 m² frístundahús á þeim stað þar sem núverandi hús stendur ef húsið fer ekki nær vatni en nú er. Er þá gert ráð fyrir að tvö önnur hús verði fjarlægð sbr. ofangreint erindi. Er þetta með fyrirvara um að eftir er að taka afstöðu til þeirra teikninga sem lagðar verði fram sem og umsögn Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands um þær.

Mál nr. 16: 1703087 - Nesjavallavirkjun lnr. 179025: Sumarvarmalosun á Mosfellsheiði: Eftirlitshola: Framkvæmdaleyfi.

Fyrir liggur umsókn Orku náttúrunnar, dags. 23. mars 2017 um borun eftirlitsholu til að koma til móts við bókun sveitarstjórnar Grimsnes- og Grafningshrepps, dags. 1. mars 2017 í tengslum við framkvæmdaleyfi fyrir sumarlosun á heitu vatni. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar sem framkvæmdirnar eru í þjóðlendu utan við landssvæði Orku náttúrunnar og ekki liggur fyrir samþykki landeigenda fyrir framkvæmdunum.

Mál nr. 17: 1703090 - Nesjavallavirkjun lnr. 179025: Uppbótahola: Framkvæmdaleyfi.

Fyrir liggur umsókn Orku náttúrunnar, dags. 30. mars 2017 um framkvæmdaleyfi fyrir borun á uppbótarholu á Nesjavöllum. Fram kemur að umsóknin sé í samræmi við aðal- og deiliskipulag svæðisins. Verður hún staðsett á borsvæði milli NJ-13 og NG-06. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar til fyrir liggur umsögn Skipulagsstofnunar um hvort að framkvæmdin sé í samræmi við mat á umhverfisáhrifum og umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands um samræmi við starfsleyfi.

Mál nr. 18: 1703085 - Eyvík lnr. 168240: Smáhýsi undir gistiþjónustu: Deiliskipulag.

Fyrir liggur umsókn Kolbeins Reynissonar, dags. 29. mars 2017 um deiliskipulag fyrir allt að 5 smáhýsi til útleigu (ferðaðþjónusta bænda) í landi Eyvíkur, sunnan bæjartorfu. Að mati sveitarstjórnar samræmist fyrirbyggjandi tillaga gildandi

Aðgerðir til að hefta útbreiðslu

Þar sem uppræta á eða stemma skal stígu við útbreiðslu alaskalúpínu og skógarkerfils þarf í upphafi að hafa eftirfarandi í huga:

- Fá gott yfirlit yfir útbreiðslu tegundanna á viðkomandi svæði áður en aðgerðir hefjast.
- Koma í veg fyrir frekari dreifingu með því að eyða stökum plöntum og smáum breiðum í jafri vaxtarsvæðis.
- Fjarlægja plöntur við ár og læk og koma þannig í veg fyrir að fræ dreifist með vatni.
- Koma í veg fyrir aðra dreifingu fræs t.d. með því að slá plöntur áður en fræ þroskast.

Ýmsar aðferðir má nota við upprætingu plantna. Við val á aðgerðum þarf að taka tillit til annars gróðurs, umhverfissjónarmiða og viðhorfa almennings.

Stakar plöntur má rífa eða stinga upp. Þar sem myndast hafa breiður má slá plönturnar, úða með illgresiseyði eða beita sauðfé á landið. Aðgerðum getur þurft að fylgja eftir í mörg ár eigi árangur að nást.

Ávallt skal líta á úðun sem neyðarúrræði og hafa skal samráð við fagaðila áður en hafist er handa.

Ýmsar aðferðir má nota við upprætingu alaskalúpínu og skógarkerfils.



Á vefsíðunni *Ágengar tegundir* – alaskalúpína og skógarkerfill, <http://agengar.land.is>, má finna frekari upplýsingar um tegundirnar og mögulegar aðgerðir til að hefta útbreiðslu þeirra. Þar er einnig hægt að koma á framfæri ábendingum um vaxtarstaði.

Alaskalúpína og skógarkerfill

Alaskalúpína og skógarkerfill voru fluttar til landsins um aldamótin 1900 sem garðplöntur. Síðar var farið að nýta lúpínuna til landgræðslu. Í dag hafa tegundirnar dreifst víða um landið. Báðar eru þær stórvaxnar og mynda þéttar breiður, framleiða mikið fræ og breiðast hratt út. Þær geta viðhaldið sér lengi þar sem þær ná fótfestu.

Alaskalúpína og skógarkerfill eru skilgreindar sem **ágengar tegundir** þar sem þær dreifa sér hratt og geta dregið úr líffræðilegri fjölbreytni. Á grónu landi má m.a. búast við eftirfarandi breytingum:

- Tegundirnar verða ríkjandi í gróðurfari.
- Fjölbreytni gróðurs minnkar og tegundum fækkar.
- Þar sem lúpína fer yfir hverfa lyngtegundir og berjalönd rýrna.
- Vistkerfi breytist til frambúðar.
- Land verður erfitt yfirferðar.

► Mikilvægt er að hefta frekari útbreiðslu tegundanna á landinu. ◀

Alaskalúpína og skógarkerfill og skráðir vaxtarstaðir skv. 10 x 10 km reitakerfi.



aðalskipulagi þar sem um er að ræða minniháttar gistipjónustu á bújörð. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að auglýsa tillöguna skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 27: 1703004F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 17-51.
Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 29. mars 2017.

- c) **Fundargerð 42. fundar stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., 6. apríl 2017.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- d) **Fundargerð 60. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 6. apríl 2017.**

Mál nr. 1 og 2 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 60. fundargerð fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 6. apríl 2017.

Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Skipulag næsta skóla árs.

Fyrir liggur tillaga skólastjórnenda um tilraunaverkefni fyrir næstu tvö árin um breytingu á vali 8. – 10. bekkjar þar sem að lagt er til að valið verði fært úr stundaskránni í helgarsmiðjur. Við þessa breytingu styttest skólinn á hverjum degi sem verður til þess að það verði einungis einfaldur skólaakstur. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tillögu. Sveitarstjóra falið að vinna að útboði skólaaksturs í samræmi við tillöguna.

Mál nr. 2: Skóladagatal.

Fyrir liggur skóladagatal næsta skólaárs, 2017-2018 fyrir Kerhólsskóla. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi skóladagatal.

4. Beiðni um styrk frá Söngkór Miðdalskirkju.

Fyrir liggur bréf frá formanni söngkórs Miðdalskirkju, dags. 3. apríl 2017 þar sem óskað er eftir styrk vegna starfsemi kórsins og til rekstrar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita Söngkór Miðdalskirkju styrk að fjárhæð kr. 50.000.

5. Samningur um afritun verndaðra verka.

Fyrir liggur bréf framkvæmdarstjóra Fjölis, Helgu S. Harðar-dóttur, dags. 4. apríl 2017 þar sem ítrekað er að sveitarfélagið skrifði undir endurnýjun samnings um höfundarréttarvarins efnis sem Fjölis og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa unnið að. Erindinu frestað.

6. Bréf frá framkvæmdarstjóra Eignarhaldsfélags Suðurlands hf. vegna aðalfundar félagsins þann 11. maí n.k.

Fyrir liggur að tilnefna þarf fulltrúa sveitarfélagsins á aðalfund Eignarhaldsfélags Suðurlands hf. sem haldinn verður þann 11. maí n.k. Samþykkt er að Gunnar Þorgeirsson verði fulltrúi sveitarfélagsins á aðalfundinum og Hörður Óli Guðmundsson til vara.

7. Bréf frá Katli Sigurjónssyni þar sem óskað er eftir viðbrögðum forsvarsmanna sveitarfélagsins vegna áforma um leyfi til vindmælinga og rannsókna á svæði innan lögsögumarka sveitarfélagsins.

Fyrir liggur bréf frá Katli Sigurjónssyni, dags. 31. mars 2017 vegna áforma um leyfi til vindmælinga og rannsókna á svæði innan lögsögumarka sveitarfélagsins. Oddvita falið að ræða við Ketil.

8. Erindi frá Borgarbyggð vegna sögu Borgarness í tilefni af 150 ára verslunarafmæli Borgarness þann 22. mars 2017.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Borgarbyggð, dags. 10. apríl 2017 þar sem boðin er til kaups saga Borgarness í tilefni af 150 ára verslunarafmæli Borgarness þann 22. mars 2017. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

9. Tölvupóstur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna málþings þar sem fjallað verður um innleiðingu sáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks í starfsemi sveitarfélaga.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 12. apríl 2017 þar sem sagt er frá málþingi þann 16. maí n.k. um innleiðingu sáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks í starfsemi sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar.



Lið Vesturkots sigraði Uppsveitadeildina 2017.

Frá hægri: Húlða Finnsdóttir, Guðjón Örn Sigurðsson, Þórarinn Ragnarsson, liðsstjóri og Hanne Smidesang. Á myndina vantar Rósu Birnu Þorvaldsdóttur





Fljótustu knapar Uppsveitanna í fljúgandi skeiði.
Frá hægri: Matthías Leó Matthíasson, Þórarinn Ragnarsson, Hans Þór Hilmarsson, Bjarni Bjarnason, Gunnlaugur Bjarnason, Guðjón Örn Sigurðsson og Óskar Örn Hróbjartsson. Á myndina vantar Lindu Karlsson sem varð í sjötta sæti. Matthías Leó varð stigahæsti knapinn í Uppsveitadeildinni 2017.



Sigurvegarnar í tölti: Frá hægri. Þórarinn Ragnarsson, Matthías Leó Matthíasson, Hanne Smidesang, Guðjón Sigurliði Sigurðsson.

10. Tölvupóstur frá Hermanní Valssyni þar sem sveitarfélögum er boðin aðstoð við að finna heimagistingar sem hugsanlega ætti að skrá sem atvinnustarfsemi.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Hermanní Valssyni, dags. 10. apríl 2017 þar sem sveitarfélögum er boðin aðstoð við að finna heimagistingar sem hugsanlega ættu að skrá sem atvinnustarfsemi. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

11. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um opnun neyðarbrautarinnar á Reykjavíkurflogvelli, 156. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram.

12. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll, 222. mál.

Sveitarstjórn leggur til að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

13. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum (íbúakosningar), 184. mál.

Frumvarpið lagt fram.

14. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga, 270. mál.

Sveitarstjórn leggst gegn því að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

15. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um stefnumörkun og aðgerðaráætlun um kolefnishlutlaust Ísland, 114. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram.

16. **Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps til að endurbæta löggjöf um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra, 87. mál.**

Þingsályktunartillagan lögð fram.

17. **Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaráætlun á sviði barnaverndar, 378. mál.**

Þingsályktunartillagan lögð fram.

18. **Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um meðhöndlun úrgangs og ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur (EES-reglur ofl.), 333. mál.**

Frumvarpið lagt fram.

19. **Önnur mál.**

- a) **Fundargerð 61. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 18. apríl 2017.**

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 61. fundargerð fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 18. apríl 2017.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Vinnufundur vegna frístundaheimilis.

Á fundi sveitarstjórnar þann 7. september s.l. vísaði sveitarstjórn því til fræðslunefndar að koma með tillögur að reglum og fyrirkomulagi frístundaheimilis fyrir börn í 1. – 4. bekk fyrir næsta skólaár. Tillögur nefndarinnar eru eftirfarandi:

Að rekið verði frístundaheimili mánudaga til fimmtudaga frá kl. 14:00 – 16:30 og á föstudögum frá 12:30 – 16:30 veturinn 2017 – 2018.

Þegar hér var komið við sögu, og gestir í húsinu búnir að jafna sig aðeins á fjörinu og setunni eftir skeiðið, var komið að B-úrslitum í töltili. Eftirvæntingin lá í loftinu þegar keppnin hófst. Þegar upp var staðið urðu þeir efstir og jafnir, Bjarni Bjarnason og Hnokki frá Þóroddsstöðum og Hans Þór Hilmarsson á Brag frá Túnsbergi með einkunnina 7,06. Í þriðja sæti í B-úrslitum urðu Ragnheiður Hallgrímsdóttir og Snillingur frá Sólheimum með 6,67, fjórðu urðu Sigurður Örn Sigurðsson og Kotra frá Steinnesi með 6.61 í einkunn og lestina ráku Jónas Már Hreggviðsson á Kolbeini frá Hrafnsholti með einkunnina 6,06.

Þá var komið að stóru stundinni. A-úrslit í töltili að hefjast og sex keppnispör á vellinum. Bjarni og Hnokki náðu sér ekki á strik og hrepptu 6. sætið með 6.89 í einkunn. Hans Þór og Bragur enduðu í fimmta sæti með 7 í einkunn. Rétt fyrir ofan með 7,06 í einkunn settust í fjórða sætið Guðjón Sigurliði Sigurðsson og Lukka frá Bjarnastöðum. Spennan fór nú að magnast eftir sérdeilis glæsilega töltsýningu. Hanne Smidesang og Roði frá Hala fengu 7,44 í einkunn og hlutu að launum þriðja sætið. Matthías Leó Matthíasson og Nanna frá Leirubakka fengu annað sætið með einkunnina 7.67. Sigurvegarar töltsins í Uppsveitadeildinni 2017 urðu því þeir Þórarinn Ragnarsson og Hringur frá Gunnarsstöðum I með frábæra einkunn, 7,89.

Stigakeppni einstaklinga var mjög spennandi. Efstu tveir keppendurnir slitu sig frá hópnum og sigraði Matthías Leó Matthíasson með 82 stig. Þórarinn Ragnarsson kom næstur með 80 stig. Í þriðja sæti varð Hanne Smidesang með 62 stig. Heildarstigakeppni einstaklinga og liða má finna á vefsvæði Reiðhollarinnar, www.reidhollin.is.

Í liðakeppninni sigraði lið Vesturkots með 198 stig, en lið Subway varð annað með 187 stig. Þriðja sætið féll liði Kílhrauns í skaut með 140 stig.

Hestamannafélögin í Uppsveitunum Logi, Smári og Trausti fá bestu þakkir fyrir skemmtilega keppni í vetur. Breiddin í keppninni fer sífellt vaxandi og metnaður keppenda er mikill að standa sig sem best. Það sýnir sig að hestar eru að koma betur undirbúnir til keppni og munurinn á milli atvinnumanna og leikmanna hefur dregist saman.

Uppsveitadeildinni 2017 lauk með mikilli sýningu frábærra tölt- og skeiðhrossa í Reiðhöllinni á Flúðum, föstudagskvöldið 31. mars 2017.

Fjórið hófst í forkeppninni í tölti þar sem Þórarinn Ragnarsson og Hringur frá Gunnarsstöðum I sigruðu með nokkrum mun, eða 7,63 í einkunn. Matthías Leó Matthíasson og Nanna frá Leirubakka komu þar næst með 7.30 í einkunn. Þriðji inn í A-úrslit urðu þau Hanne Smidesang og Roði frá Hala með einkunnina 6,93. Síðasta örugga sæti í A-úrslitum féll í skaut Guðjóns Sigurliða Sigurðssonar og Lukku frá Bjarnastöðum með einkunnina 6.77.

Þeir voru mun jafnari knaparnir í B-úrslitum, en þar komu eftir inn Hans Þór Hilmarsson og Bragur frá Túnsbergi með einkunnina 6,63. Rétt þar á eftir voru þeir félagarnir Bjarni Bjarnason og Hnokki frá Þóroddsstöðum með 6,60. Þriðji inn í B-úrslit voru þau Ragnheiður Hallgrímsdóttir og Snillingur frá Sólheimum með einkunnina 6,57. Tveir síðustu keppendurnir inn í B-úrslitin voru þau Guðjón Örn Sigurðsson og Kotra frá Steinnesi með 5,83 og Óskar Örn Hróbjartsson á Sigurrós frá Galtastöðum með einkunnina 5,80.

Að loknu stuttu hléi hófst keppnin í fljúgandi skeiði. Það er mikil keyrsla. Á rúmum hálf tíma renna 63 skeiðsprettir í gegnum húsið. Eins og gengur lágu ekki allir sprettir og hraðinn var mismikill á hestum og knöpum.

Þegar yfir lauk kom í ljós að fljótasta parið voru þau Matthías Leó Matthíasson og Blikka frá Þóroddsstöðum með tímann 2,97. Í kjölfarið sigldu Þórarinn Ragnarsson og Funi frá Hofi með sléttar 3 sekúndur. Rétt á eftir komu þau Hans Þór Hilmarsson og Assa frá Bjarnarhöfn á tímanum 3,02. Bjarni Bjarnason og Randver frá Þóroddsstöðum voru 1/100 úr sekúndu á eftir með tímann 3,03 sekúndur. Aðrir keppendur fóru hægar yfir.

Að skólinn reki frístundaheimili og beri ábyrgð á starfi þess í faglegu samstarfi við tómstunda- og félagsmálafulltrúa sveitarfélagsins.

Að fyrsta klukkustundin kostar 450.- kr. (innifalin hressing) og hver klukkustund eftir það 300.- kr.

Að systkinaafsláttur verði í boði; 25% afsláttur fyrir annað barn, 50% afsláttur fyrir þriðja barn og 100% afsláttur fyrir fjórða barn.

Að 20% afsláttur verði í boði fyrir einstæða foreldra.

Að 20% afsláttur verði í boði ef annað foreldri er í fullu námi en 40% afsláttur ef báðir foreldrar eru í fullu námi.

Að lágmarksfjöldi barna verði 3 börn á hverjum tíma til að frístundaheimili verði rekið.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögur fræðslunefndar.

Til kynningar

- ✓ SASS. Fundargerð 518. stjórnarfundar 06.04 2017.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 849. stjórnarfundar, 31.03 2017.
- ✓ Bréf frá Ungmennaráði UMFÍ þar sem greint er frá ályktun af Ungmennaráðstefnu UMFÍ, Ungt fólk og lýðræði sem haldin var á Laugarbakka í Miðfirði dagana 5.-7. apríl 2017.
- ✓ Bréf frá framkvæmdarstjóra HSK, Engilbert Olgeirssyni, dags. 6. apríl 2017 vegna 95. Héraðsþings Skarphéðins þann 11.mars s.l.
- ✓ Héraðssambandið Skarphéðinn, ársskýrsla 2016.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Rarik, ársskýrsla 2016.
- ✓ Skýrsla Sambands íslenskra sveitarfélaga, helstu mál á vettvangi ESB og EFTA 2017.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:10



Vorið er komið og grundirnar gróa...

**Vorfundur Kvenfélags Grímsneshrepps
verður fimmtudaginn 11.maí á
Grænu Könnunni á Sólheimum kl.18.00.**

Við ætlum að hafa léttan, skemmtilegan fund þar sem við
förum yfir helstu verkefni framundan, förum yfir starfið
og tölum saman.

Veitingar verða á staðnum sem kosta 2.000kr fyrir
félagskonur en 3.000kr fyrir utanfélagskonur.

Allar konur velkomnar, félagskonur sem aðrar ☺
Vonumst til að sjá ykkur sem flestar,
stjórnin.



Vortónleikar á Flúðum þar sem kynslóðir mætast



Söngsveitin Tvennir tímar mun halda vortónleika sína í
Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum
sunnudaginn 14. maí kl.16.00.

Þar munu kynslóðir mætast því þar koma fram Barnakór Tónsmiðjunnar
og ungir einsöngvarar en þau eru, Guðbjörg Guðjónsdóttir, Laufey
Helga Ragnheiðardóttir, Laufey Ósk Grímsdóttir, Ljósbrá Loftsdóttir,
Óskar Snorri Óskarsson og Ragnheiður Guðjónsdóttir.



Söngstjóri er Stefán Þorleifsson og hljóðfæraleikarar með honum eru,
Anna Þórný Sigfúsdóttir, klarinett, Karl Hallgrímsson, gítar,
Loftur Erlingsson, bassi og Unnsteinn Eggertsson, trommur.
Fjölbreytt efnisval verður á dagskránni en fyrst og fremst verða flutt
vinsæl dægurlög síðustu aldar.
Aðgangseyrir á tónleikana eru kr. 3000 en innifalið í miðaverði er kaffi
og létt meðlæti.

Með von um að sjá sem flesta á vortónleikum okkar 2017

Söngsveitin Tvennir tímar